

1269. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. október 2024, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Gabríel Benjamín, Þórir Hilmarsson, Arnþór Sigurðsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Bjarni Þór Sigurðsson og Jennifer Schröder.

Fjarverandi: Harpa Sævarsdóttir.

Gestur: Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna.

Næsti fundur: 13. nóvember 2024

Dagskrá:

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, bauð fundarfólk velkomið og setti fundinn.

1. Fundargerð 1268. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1268. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Orkukaup neytenda

Ragnar Þór kynnti inn á fundinn Breka Karlsson, formann Neytendasamtakanna. Í stjórnargátt er kynning Breka, „Raforka til heimila, kynning Neytendasamtakanna“.

Breki þakkaði fyrir boð á fundinn. VR og Neytendasamtökin (NS) hafa í gegnum árin átt gott samstarf í mörgum mikilvægum málum sem snerta hag neytenda, sagði Breki, og þakkaði kærlega fyrir það samstarf.

Breki sagði orkumálin flókin viðureignar og að margir væru því miður að reyna að villa um fyrir neytendum. NS legði áherslu á að sett verði arðsemispak á raforkusölu til heimila til að koma í veg fyrir að við lendum í því sama og mörg lönd í kringum okkur þar sem raforkuverð hefur margfaldast í verði með afdrifaríkum afleiðingum.



Breki sagði Ísland eitt orkuríkasta land í heimi en stærstur hluti orkuframleiðslu okkar sé fastur í stóriðju sem ekki sé hægt að hreyfa við og aukning framleiðslunnar síðustu ár hafi nánast öll farið í gagnver. Eftirspurn raforku í dag er um 20,2 TWst en árið 2050 er áætlað að eftirspurnin verði 34 – 45 TWst, sagði Breki og vitnaði í áætlun Landsnets. Raforkuvinnsla árið 2023 var 20.244 GWst en heimilin notuðu innan við 5% af því. Orkunotkun heimilanna hefur aukist lítillega, en orkunotkun bitcoin vinnslu fór árið 2021 yfir heimilin. Það er skortur á orku, en ekki orkuskortur sagði Breki, eftirspurnin er meiri en við ráðum við.

Breki benti á að við séum í einstakri stöðu, aukning á notkun er fyrirsjáanleg og við getum tryggt afhendingaröryggi. En afhendingaröryggi er ekkert án verðöryggis, það er hvergi að finna í neinum tillögum um orkuframleiðslu eða vinnslu.

Neytendasamtökin vilja setja arðsemispak á raforkusölu til heimila og benda í því samhengi t.d. á lög um vatnsveitur sem segja að sveitarfélög megi reikna 2% arðsemi af köldu vatni til heimila. Samkeppni heimila við stórfyrirtæki um raforku muni leiða til hækkunar raforkukostnaðar heimila. NS hafa sett fram þá kröfu að sett verði pak á arðsemi raforku til heimilanna og óski eftir liðsinni VR í þessari baráttu.

Umræður

Að umræðum loknum lagði Ragnar Þór fyrir stjórn tillögu þess efnis að VR vinni með Neytendasamtökunum í þessu máli.

Samþykkt samhljóða.

Ragnar þakkaði Breka fyrir gott erindi og yfirgaf Breki fundinn um kl. 18:00.

3. Kjaramál - staðan

Ragnar Þór byrjaði á að ræða um fyrirhugað þing ASÍ sem haldið verður 16. – 18. október næstkomandi í Reykjavík. VR/LÍV hafa sent til allsherjarnefndar þingsins málefnskjal um húsnæðismál og hvatti hann stjórnafólk að skrá sig í nefndir. Hann sagði jafnframt mikilvægt að VR hafi fulltrúa í ritnefndum.

Ragnar sagði vinnu við húsnæðismálin halda áfram, hann hafi og muni áfram funda með stjórnarálflokkum til að kynna þeim hvað við erum að gera í þessum málum.

Þá ræddi Ragnar um mál VR gegn Samkeppniseftirlitinu vegna nýrra búvörulaga en von er á niðurstöðu í því dómsmáli í næstu viku.

Umræður

4. Sjálfbærnivegferð VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Sjálfbærnivegferð VR“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, sagði málið snúast um hvaða skref félagið vilji taka í umhverfismálum. Í stefnu VR segir að VR sinni samfélagslegri ábyrgð og í umhverfisstefnu VR segir að leggja skuli áherslu á sjálfbæra nýtingu í starfsemi félagsins. Í sinni einföldustu mynd felist sjálfbærni í því að fyrirtæki, stofnanir og skipulagsheildir axli ábyrgð og hafi uppbyggileg áhrif á umhverfið, stjórnarhætti og samfélagið. Sjálfbærni og samfélagsábyrgð séu innleidd í kjarnastarfsemi rekstrareiningar. Samfélagsleg ábyrgð fellur undir sjálfbærni en samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er svona skilgreind af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins: „Ábyrgð fyrirtækja á áhrifum sínum á samfélagið“.

Almennum félagasamtökum eins og VR er ekki skylt að fylgja lögum um ársreikninga þar sem gerð er krafa á hendur fyrirtækjum af tiltekinni stærð að þau birti upplýsingar um umhverfis, félagslega- og stjórnunarlega þætti (UFS eða ESG á ensku), geri grein fyrir stefnu í mannréttindamálum og hvernig spornað er gegn spillingar- og mútumálum. Mikill þrýstingur er á íslensk stjórnvöld að innleiða löggjöf og tilskipanir frá ESB um hvernig skuli birta slíkar upplýsingar og sagði Stefán VR mögulega falla undir slíka löggjöf, verði hún innleidd hér á landi.

Umhverfisnefnd VR fundaði í hádeginu [09.10.2024] þar sem fjallað var um þá hugmynd að VR taki loftslagsmálin föstum tókum og hefji sjálfbærnivegferð. Stefán sagði slíka sjálfbærnivegferð fela í sér tækifæri fyrir VR í hagsmunabaráttunni. Það sé stjórnar að ákveða næstu skref.

Umræður

Að umræðum loknum lagði Ragnar Þór tillögu fyrir stjórn að félagið hefji sjálfbærnivegferð.

Samþykkt.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir bókaði mótatkvæði.

5. Fjárfestingastefna VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Fjárfestingastefna VR 2024 kynning stjórn okt. 2024“ til afgreiðslu.

Stefán fór yfir fjárfestingastefnu VR á glærum en farið er yfir stefnuna tvisvar á ári. Stefna VR er varfærin stefna, sagði Stefán, eign félagsins, um 13 ma.kr., er að stærstum hluta í ríkistryggðum skuldabréfum og innlánnum eða 87% en innlend og erlend hlutabréf eru um 11,3%.



Meðalávöxtun verðbréfasafna VR 2017 til 2024 er 5,4% en raunávöxtun er 1,8%. Fjárfestingarstefnu VR var síðast breytt af stjórn í nóvember 2021. Ekki eru lagðar til breytingar á fjárfestingarstefnunni að sinni, sagði Stefán, og er hún lögð óbreytt fyrir fundinn.

Umræður

Í umræðum gerði Arnþór Sigurðsson athugasemd við fjárfestingarstefnuna hvað varðar fjárfestingar í hlutabréfum innlendra fyrirtækja. Hann bókaði eftirfarandi:

Undirritaður er andvígur því að VR stéttarfélag sé með fjármuni félagsins á hlutabréfamarkaði. Að öðru leyti styð ég fjárfestingarstefnu VR.
Arnþór Sigurðsson

Umræður urðu um bókun Arnþórs.

Arnþór lagði til eftirfarandi breytingartillögu við fjárfestingarstefnuna:

Lagt er til að felld verði úr fjárfestingarstefnu VR þátttaka í kaupum á íslenskum hlutabréfum.

Umræður

Þórir Hilmarsson lagði til eftirfarandi breytingartillögu við fjárfestingarstefnuna:

Lagt er til að hætt verði að fjárfesta í innlendum hlutabréfum en aukið samsvarandi við fjárfestingar í erlendum hlutabréfum.

Umræður

Ragnar Þór lagði til atkvæðagreiðslu um ofangreindar breytingartillögur við fjárfestingarstefnuna. Fyrst voru greidd atkvæði um tillögu Arnþórs.

Fimm greiddu atkvæði með tillögunni. Sjö greiddu atkvæði á móti.

Þá voru greidd atkvæði um tillögu Þóris.

Þrjú greiddu atkvæði með tillögunni. Átta greiddu atkvæði á móti.

Þá voru greidd atkvæði um tillögu um óbreytta fjárfestingarstefnu.

Tólf greiddu atkvæði með tillögunni og telst hún samþykkt.

6. Reglur styrkjanefndar

Fyrir fundinum lágu skjölin „Stefna VR í styrkjamálum okt. 24“; „Styrkjanefnd minnisblað um breytingar á styrkjum“ og „Verklagsreglur við úthlutun styrkja með tillögum að breytingum.“



Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, formaður styrkjanefndar VR, fór yfir tillögur nefndarinnar að breytingum á stefnu félagsins þegar kemur að stærri styrkjum og verklagi. Kristjana sagði mikilvægt að gæta samræmis við afgreiðslu styrkja. Nefndin leggur til að gerð verði breyting á stefnu félagsins í styrkjamálum þannig að kveðið sé á um að nefndin skuli fjalla um allar styrkumsóknir yfir 250 þ.kr. og afgreiða eða veita umsögn til stjórnar, ef upphæð er umfram heimildir nefndarinnar. Í verklagsreglum er jafnframt kveðið skýrt á um þetta og að stjórn sé óheimilt að afgreiða styrkumsóknir án umsagnar nefndarinnar.

Umræður

Eftir umræður voru breytingar á stefnu og verklagsreglum bornar undir fundinn.

Samþykkt samhljóða.

7. Styrkur vegna sálfræðikostnaðar

Fyrir fundinum lágu skjölin „Styrkir vegna sálfræðipjónustu minnisblað“; „Skattskylda greiðslna úr sjúkra- og fræðslusjóðum stéttarfélaganna minnisblað frá Fjármálar. feb. 2019“ og „Bréf frá RSK 2015 um frádrátt frá tekjuskatti vegna sálfræðipjónustu“ til kynningar.

Stefán sagði VR hafa verið í baráttu síðastliðin níu ár fyrir því að fá styrki stéttarfélaganna til félagsfólks vegna sálfræðikostnaðar undanþegna tekjuskatti á sama hátt og styrkir vegna sjúkráþjálfunar. Það hafi ekki skilað árangri. Á hverju ári gefa skattayfirvöld út reglur um hvað telst vera frádráttarbært frá skattskyldum styrkjum og hafi skattayfirvöld í raun þrengt enn að þessum möguleika á síðustu árum. Afstaða Ríkisskattstjóra hefur verið að sálfræðipjónusta falli ekki undir sömu reglur og sjúkráþjálfun sem geti verið hliðstæða annarrar íþróttaiðkunar. Árið 2018 gáfu stjórnvöld út yfirlýsingu í tengslum við gerð kjarasamninga þar sem þau skuldbinda sig til samtals um þetta, en niðurstaðan var sú að stjórnvöld væru ekki tilbúin að tryggja þessar breytingar, m.a. vegna þess að slíkt myndi valda ójafnræði milli þeirra sem greiddu í stéttarfélögum sem væru vel stæð og þeirra sem væru utan stéttarfélaganna eða í stéttarfélögum þar sem sjúkrasjóðir væru ekki vel stæðir og gætu ekki greitt slíka styrki. Einnig voru rökin að slík ráðstöfun leiddi til þess að ríki og sveitarfélög gætu orðið af verulegum tekjum þar sem tekjuskattur og útsvar myndi lækka.

Umræður

Í umræðum lagði Diljá Ámundadóttir Zoega til að VR tæki málið upp að nýju og legði áherslu á að fá þessa styrki undanþegna tekjuskatti.

Diljá bókaði eftirfarandi:

„Rannsóknir benda til að tuttugu og fimm prósent fólks á vinnumarkaði þjáist af geðheilsuvanda á hverjum tíma og enn fleiri eru að glíma við andlegar áskoranir. Milljarðar falla árlega bæði á fyrirtæki, stofnanir og stéttarfélög vegna fjarvista starfsfólks með geðheilsuvanda og þá er ótalinn óbeinn kostnaður.“

Það er ólíðandi og beinlínis skaðlegt að VR stéttarfélag geti ekki boðið félagsfólki sínu upp á niðurgreiðslu á sálfræðiþjónustu vegna reglna RSK (2. tölul. A. liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003) um að greiða skuli tekjuskatt (40%) af upphæð niðurgreiðslu. Á meðan greiðslur úr Sjúkrasjóði VR hækka og hækka vegna geðraskana félagsmanna þá á VR að leita leiða til að fyrirbyggja að fólk detti tímabundið út af vinnumarkaði með fyrirbyggjandi aðgerðum og stórauka aðgengi félagsfólks að sálrænum stuðningi, ráðgjöf og úrræðum sem leiða til betri andlegrar heilsu.“

Ragnar Þór lagði til að sett verði niður aðgerðaráætlun í þessu máli og að óskað verði eftir fundi með fjármálaráðherra og stjórnaráðgjöf til að ræða málið.

Samþykkt.

8. Kaup á orlofshúsi í Hálöndum

Fyrir fundinum lá skjalið „Hálönd, kaup á orlofshúsi“ til afgreiðslu.

Stefán skýrði frá ákvörðun orlofsstjórnar að festa kaup á orlofshúsi í Hálöndunum á Akureyri og fór yfir kaupsilboð félagsins. Tilboðið var lagt fyrir fundinn og samþykkt.

Í kjölfar samþykktar undirrituðu stjórnarmenn umboð fyrir kaupunum að beiðni framkvæmdastjóra félagsins.

9. Tillaga að fulltrúum VR í miðstjórn ASÍ til LÍV

Ragnar fór yfir tillögur að fulltrúum í miðstjórn Alþýðusambandsins. Alls hafa VR/LÍV fimm sæti í stjórn og fimm til vara.

Þau sem hafa gefið kost á sér til miðstjórnar eru:

Halla Gunnarsdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Eiður Stefánsson
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Gabríel Benjamin



Ragnar sagði sátt ríkja um fjögur efstu sætin en spurði hvort stjórn vildi kjósa fimm aðila úr þessum hópi sex frambjóðenda eða hvort kjósa ætti milli Jónasar og Gabriels. Niðurstaðan var sú að kjósa í fimmta sætið milli Jónasar og Gabriels.

Áður en kom til kosninga óskaði Halla Gunnarsdóttir eftir því að fært yrði til bókar að hún hefði kosið að í framboði væru þrjár konur og tveir karlar og að fimmta sætið hefði fallið í skaut ungrar konu úr Ungliðaráði VR.

Gabriel og Jónas fengu hvor um sig 2 mínútur til að kynna sig og framboð sitt til miðstjórnar. Að því loknu var gengið til leynilegra kosninga milli þeirra tveggja, stjórnarfolk í fjarfundi greiddi atkvæði með því að senda á fundarritara tölvupóst.

Niðurstaða kosninga var sem hér segir;

Gabriel Benjamin hlaut 7 atkvæði.
Jónas Yngvi Ásgrímsson hlaut 7 atkvæði.
Eitt atkvæði var autt.

Aftur var gengið til leynilegra kosninga og var niðurstaðan sú sama og í fyrri kosningu. Þá var gripið til þess ráðs að varpa hlutkesti og vann Gabriel það.

Aðalfulltrúar VR/LÍV í miðstjórn ASÍ eru því sem hér segir:

Halla Gunnarsdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Eiður Stefánsson
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir
Gabriel Benjamin

Því næst kynnti Ragnar Þór tillögur að fimm varafulltrúum. Engin mótframboð bárust og voru öll samþykkt. Varafulltrúar VR/LÍV í miðstjórn ASÍ eru:

Selma Björk Grétarsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Jennifer Schröder
Bjarni Þór Sigurðsson
Jónas Yngvi Ásgrímsson

10. Sniðganga VR á vörum og viðskiptum við Ísrael

Stjórnarmaðurinn Gabriel Benjamin lagði fyrir fundinn tillögu að því að stjórnin samþykki að VR sniðgangi vörur og viðskipti við Ísrael. Gabriel sagði stöðuna í Palestínu hafa verið sér ofarlega í huga en nú er ár frá innrás Ísraels í Gaza. Gabriel sagði tillöguna ganga út frá því að skrifstofa VR myndi taka tillit til sniðgöngunnar við rekstur og vörukaup og að fjárfestingastefna félagsins myndi einnig taka mið af ákvörðun um sniðgöngu.



Tillagan, að loknum yfirllestri, er sem hér segir:

Á rúmlega ári hefur innrás Ísraels í Palestínu kostað tugi þúsunda óbreyttra borgara lífið. Heil þjóð býr við ómanneskjulegar aðstæður á meðan yfirvöld í Ísrael virða ítrekað að vettugi alþjóðalög og eru fordæmd af alþjóðasamfélaginu. Innrásin teygir sig nú yfir fleiri landamæri og stýttist í allsherjarstríð á svæðinu.

Stjórn VR rennur blóðið til skyldunnar og hefur ákveðið að taka fullan þátt í [BDS sniðgöngu fyrir Palestínu](#). Að auki mun stjórn tryggja að sjóðir félagsins fjárfesti ekki í fyrirtækjum sem hagnast á ólöglegum landtökum. Stjórn VR skorar á stjórnvöld að beita sér af fullum þunga til að koma á friði.

Umræður

Að loknum umræðum var tillagan lögð fyrir fundinn.

Samþykkt með 11 atkvæðum.

Eftirtaldir stjórnarmenn bókuðu mótatkvæði:

Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Vala Ólög Kristinsdóttir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:15.